

# Tryggjum öruggt og ofbeldislaust íþróttá- og æskulýðsstarf í summar

Sumarið er að bresta á með námskeiðum, viðburðum og móturnum. Mikilvægt er að tryggja öruggt umhverfi og taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðisbrotum og öðru ofbeldi.

Í þessu bréfi má finna leiðbeiningar um hvernig megi stuðla að því. Íþróttá- og æskulýðsfélögum ber að upplýsa starfsfólk, sjálfboðaliða og þátttakendur um til hvers er ætlast af þeim hvað varðar hegðun og framkomu og hvað gerist ef reglur eru brotnar. Siðareglur og viðbragðsáætlanir þurfa að vera kynntar og sýnilegar öllum.

Í íþróttá- og æskulýðslögum segir að engan megi ráða til starfa, eða sem sjálfboðaliða, sem hefur hlotið dóm fyrir kynferðisbrot einhvern tíma á lífsleiðinni eða fyrir fíkniefnabrot á síðustu fimm árum. Sömu lög gefa félögum heimild til þess að fletta aðilum upp í sakaskrá til að kanna þessi tvö atriði. Það er mikilvægt að félög sinni þessu vel og því til stuðnings hafa verið útbúnar leiðbeiningar um öflun upplýsinga úr sakaskrá.

Útbúin hefur verið samræmd viðbragðsáætlun íþróttá- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á.

Unnið hefur verið gagnvirk netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu með fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreiti. Námskeiðið fjallar um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi.

Fara skal yfir gátlista fyrir félög við nýráðningu starfsfólks og sjálfboðaliða. Á listanum eru atriði eins og að gera könnun á meðmælum, sækja gögn úr sakaskrá, fara yfir siðareglur, kynna viðbragðsáætlun og fara á netnámskeið um kynferðislegt ofbeldi og áreiti.

Á vefsíðunum 112.is og Stop ofbeldi má finna margvíslega fræðslu gegn ofbeldi.

Íþróttá- og æskulýðsfélög eiga að bregðast við öllum atvikum, stórum sem smáum, sem upp kunna að koma í þeirra starfi. Ekki hika við að fá leiðsögn samskiptaráðgjafa, 112, barnaverndar eða löggreglu ef spurningar eða áhyggjur vakna í summar.

Með ósk um öruggt og ánægjulegt sumar fyrir öll.



Samskiptaráðgjafi



Miðstöð menntunar  
og skólapjónustu



Jafnréttisstofa



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Embætti landlæknis



Barna- og  
fjölskyldustofa



LÖGREGLAN

112

EINN EINN TVEIR